

VERKLAGSREGLUR

um starfsemi fagráðs eineltismála í grunn- og framhaldsskólum.

1. gr.

Gildissvið.

Verklagsreglur þessar taka til starfsemi fagráðs eineltismála í grunn- og framhaldsskólum í samræmi við ákvæði í lögum um grunnskóla, nr. 91/2008 og lögum um framhaldsskóla, nr. 92/2008, í reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum og ákvæði í reglugerð nr. 326/2016 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í framhaldsskólum. Fagráðið starfar á ábyrgð mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Grunnskólinn: Samkvæmt 7. gr. reglugerðar nr. 1040/2011 geta aðilar skólasamfélagsins (foreldrar og forráðamenn nemanda, nemandi, starfsfólk skóla, stjórnendur skóla), auk annarra aðila sem starfa með börnum í skóla-, frístunda- eða tómtundastarfi sem hefur stoð í grunnskólalögum, óskað eftir aðkomu fagráðs ef ekki tekst að finna fullnægjandi lausn, innan skóla eða sveitarfélags, þrátt fyrir aðkomu starfsfólks skóla og skólalátnustu sveitarfélaga. Sömu aðilar geta jafnframt vísað máli til fagráðs vegna meints aðgerðaleyfis skóla eða sveitarfélags. Átt er við alla starfsemi á vegum grunnskóla, m.a. starfsemi frístundaheimila fyrir nemendur í yngri árgöngum grunnskóla óháð rekstrarformi, félags- og tómtundastarf sem fram fer sem hluti af starfsemi grunnskóla, starfsemi skólalátnu þar sem nemendur dvelja um stundarsakir og vettvangsferðir og skólaferðalög á vegum skólans eða foreldra.

Framhaldsskólinn: Samkvæmt 9. gr. reglugerðar nr. 326/2016 geta foreldrar/forráðamenn, nemendur eða skólar óskað eftir aðkomu fagráðs ef ekki tekst að finna viðunandi lausn innan skóla þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

2. gr.

Hlutverk fagráðs eineltismála í grunn- og framhaldsskólum.

Fagráð eineltismála í grunn- og framhaldsskólum hefur einkum tvíþætt hlutverk varðandi mál sem því berast og uppfylla framangreind skilyrði. Í fyrsta lagi er ráðið stuðningsaðili við skólasamfélagið, sem meðal annars getur falist í almennri ráðgjöf, leiðbeiningum eða upplýsingagjöf. Í öðru lagi skal ráðið leitast við að ná ásættanlegri úrlausn í eineltismálum og gefa út ráðgefandi álit í máli á grundvelli þeirra gagna og upplýsinga er ráðinu berast í tilteknu máli.

Fagráðið er sjálfstætt í störfum sínum hvað varðar málsmeðferð og afgreiðslu einstakra mála og tekur ekki ákvörðun um réttindi og skyldur einstaklinga. Fagráðið er ekki stjórnvald í skilningi stjórnsýslulaga heldur er umfjöllun fagráðsins valkvæð málsmeðferð sem er óháð málsmeðferð skv. 4. gr. og 47. gr. laga um grunnskóla. Niðurstaða fagráðs er ekki skuldbindandi fyrir aðila máls gagnvart öðrum úrræðum sem lög og reglur kunna að bjóða upp á.

3. gr.

Skipan fagráðs.

Ráðherra skipar fagráð eineltismála í grunn- og framhaldsskólum að fengnum tillögum frá Menntamálastofnun. Það skal skipað þremur aðalmönnum og þremur varamönnum sem hafa þekkingu, menntun og reynslu sem nýtist við úrlausn mála. Umsýsla með starfsemi fagráðs eineltismála í grunn- og framhaldsskólum er hjá Menntamálastofnun.

4. gr.

Starfshættir fagráðs.

Fagráðið skal hafa fasta fundartíma, a.m.k. tvisvar í mánuði og oftast ef þurfa þykir. Fagráðið skal svo fljótt sem auðið er bregðast við einstökum málum og skulu niðurstöður liggja fyrir eins fljótt og hægt er.

Ef ráðið telur að ekki liggi fyrir nægilega greinargóðar upplýsingar skal það afla nauðsynlegra gagna og upplýsinga til að upplýsa málið.

Fagráðið skoðar út frá hagsmunum nemenda sjálfstætt þau mál sem því berast og ákvarðar hvort það telur að viðkomandi mál heyri undir það á grundvelli 1. gr. verklagsreglna þessara.

Starfsmaður Menntamálastofnunar starfar með fagráðinu og sinnir tilteknum verkefnum, s.s. að boða til og undirbúa fundi þess. Starfsmaður tekur ekki þátt í formlegri afgreiðslu einstakra mála og ber ekki ábyrgð á málsmeðferð eða ráðgefandi áliti fagráðs. Starfsmaður kannar á grundvelli 1. gr. verklagsreglna þessara hvort mál hafi hlotið viðeigandi málsmeðferð eða hvort foreldrar eða aðrir þeir aðilar skólasamfélagsins sem vísa máli til fagráðsins séu ósáttir við fyrri málsmeðferð. Starfsmaður vísar, að höfðu samráði við fagráðið, þeim málum sem ekki uppfylla skilyrðin, til réttra aðila eftir eðli máls. Fagráðið hefur samráð við þar til bæra sérfræðinga eftir því sem þörf krefur við úrlausn mála.

Álit fagráðsins eru ráðgefandi og endanleg. Ráðið skal afla upplýsinga um stöðu máls með formlegum hætti innan tveggja vikna og kalla eftir viðbragðsáætlun af hálfu skóla. Innan eins mánaðar og í síðasta lagi innan viðkomandi skólaárs skal ráðið að nýju afla upplýsinga um lyktir máls. Séu málsaðilar ósáttir við úrlausn máls getur fagráðið tekið málið upp aftur, að beiðni aðila máls, telji það tilefni til þess.

Fagráðið skal viðhafa vandaða stjórnýsluhætti við meðferð þeirra erinda sem ráðinu berast. Fagráðið skal leita eftir sjónarmiðum nemenda við úrlausn máls eftir því sem þörf krefur í samræmi við 12. gr. barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sbr. lög nr. 19/2013 og 1. gr. barnalaga nr. 76/2003.

5. gr.

Visun máls til fagráðs.

Þeir sem geta leitað til fagráðsins eru nemendur, foreldrar/forráðamenn og starfsfólk grunn- og framhaldsskóla. Einnig geta aðilar sem starfa með börnum í skóla-, frístunda- og tómstundastarfi með stöð í lögum um grunnskóla, vísað til fagráðsins eineltismálum sem ekki hefur tekist að leysa.

Tilvísun eða beiðni um að taka mál fyrir í ráðinu skal fylgja greinargerð ásamt afritum af gögnum málsins. Ef málshefjandi treystir sér ekki til að senda inn skriflega greinargerð um viðkomandi mál þá skal starfsmaður skrá niður málavexti, annaðhvort með símtali eða bjóða upp á viðtal. Skráning málavaxtalýsingar skal sannanlega borin undir málshefjanda til staðfestingar.

6. gr.

Meðferð upplýsinga og gagna.

Um vinnslu persónuupplýsinga fer eftir 3. mgr. 30. gr. a laga um grunnskóla, nr. 91/2008 og 3. mgr. 33. gr. c laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008.

Við meðferð og öflun persónuupplýsinga skal fagráðið gæta þess að þær séu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og að öll meðferð þeirra sé í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga samkvæmt fyrirmælum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 og lögum um opinber skjalasöfn, nr. 77/2014 með áorðnum breytingum. Gæta skal þess að upplýsingar sem aflað er séu viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang þeirra og að þær séu áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum.

Fagráðið tekur saman ársskýrslu um starfsemi sína og birtir opinberlega.

7. gr.

Skipunartími fagráðs og þóknun.

Fagráðið skal skipað til þriggja ára í senn. Fagráðið skal skila greinargerð til ráðuneytisins um starfsemi sína fyrir lok hvers árs. Um þóknun fyrir störf í fagráðinu er greitt samkvæmt ákvörðun Menntamálastofnunar.

8. gr.

Vanhæfi.

Um mögulegt vanhæfi þeirra sem sitja í fagráðinu gilda ákvæði stjórnýslulaga nr. 37/1993.

9. gr.
Gildistaka.

Verklagsreglur þessar eru settar skv. 5. mgr. 30. gr. a laga um grunnskóla, nr. 91/2008 og 5. mgr. 33. gr. c laga um framhaldsskóla nr. 92/2008. Jafnframt falla úr gildi fyrri verklagsreglur um starfsemi fagráðs eineltismála í grunnskólum nr. 30/2019.

Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 22. desember 2021.

Ásmundur Einar Daðason
menntamála- og barnamálaráðherra.

Páll Magnússon.

B-deild – Útgáfud.: 25. janúar 2022